

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Akureyrarbæ.

Breyting á deiliskipulagi fyrir Krossaneshaga – C-áfanga.

Bæjarstjórn Akureyrarbæjar samþykkti 9. febrúar 2022 breytingu á deiliskipulagi fyrir C-áfanga Krossaneshaga.

Breytingin tekur til lóðarinnar Týsness 2 og felur í sér stækkun byggingarreits um 1,5 m til norðvesturs og 1,5 m til suðausturs.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 2. mgr. 43. gr. og 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

F.h. Akureyrarbæjar, 7. apríl 2022,

María Markúsdóttir verkefnastjóri skipulagsmála.

B-deild – Útgáfudagur: 26. apríl 2022